

Ágrip af sögu Háskóla Íslands 1966–2001

Flestir textarnir voru upphaflega fluttir á árshátíð HÍ 20. janúar 2001 eða á afmælisfagnaði Heimspekideildar HÍ 19. október 2001. Ágripið nær frá árinu 1966 (þá kom höfundur textanna í skólann) til ársins 2001, en þá átti Háskólinn 90 ára afmæli. Einkum er tekið mið af áherslum þeirra rektora sem höfðu verið á tímabilinu.

1. Lag Ármanns Snævarr (Bítlalagið *All you need is love*)

Ármann (rektor 1960–1969) var rektor þegar stúdentar voru sem uppivöðslusamastir upp úr 1968. Hann var sáttfús lögspekingur eins og reyndi að bera klæði á vopnin eins og fram kemur í textanum:

Hægan nú! Hlustið nú! Hættið nú!
Verið stilltir, vinirnir.
All you need is law! All you need is law!
All you need is law, law!
Law is all you need!

2. Lag Magnúsar Mús Lárussonar (lag úr *Star Wars*)

Magnús Már (rektor 1969-1973) var fjölhæfur þúsundþjalasmiður. Hann kenndi upphaflega við Guðfræðideild, varð síðar prófessor í sagnfræði við Heimspekideild og loks rektor. Áhugasvið hans náði allt frá tæknilegum viðfangsefnum til guðfræðilegra og jafnvel yfirskilvitlegra eða stjarnfræðilegra:

Er þú eimana situr,
einsamall, bitur, vita þú skalt
að til þín stjórnurnar stara,
stara og bara geta leyst allt.
Þú skreppur bara eina góða ferð út í geiminn,
gleymir sorgum, kvíða eynd.
Eftir svona ferðir sigra má allan heiminn,
sérhver raun er löngu, löngu gleymd.

3. Lag Guðlaugs Þorvaldssonar og Guðmundar K. Magnúsonar (Abbalagið *Money, money, money*)

Guðlaugur (rektor 1973-1979) og Guðmundur (rektor 1979-1985) áttu það sameiginlegt að koma úr Viðskipta- og hagfræðideild og voru báðir mjög dagfarsprúðir menn. Guðlaugur hefði getað orðið forseti Íslands en var svo óheppinn að Vigdís Finnbogadóttir bauð sig fram á sama tíma og hann. Guðmundur tók við af honum sem rektor og varð þannig m.a. yfirmaður byggingamála Háskólans. Þau mál heyrdðu annars undir Bygginganefnd Háskólans, þar sem Maggi Jónsson arkitekt, Ragnar Ingimarsson verkfræðiprófessor og Brynjólfur Sigurðsson viðskiptafræðiprófessor réðu mestu. Í nefndinni var þó líka Sigurjón Björnsson sálfræðiprófessor m.a. Á þessum tíma var verið að byggja húsið Odda, en hann gekk undir nafninu

“Hugvísindahús” á hönnunarstigi. Hagfræði-, viðskipta- og félagsvísindagreinar urðu þó fyrirferðarmestar í húsinu þegar til kom:

Maggi, Maggi, Maggi,
Maggi og Raggi miklu ráða hér.
Binni, Binni, Binni, bissnispinni,
byggir handa mér.
Þótt Oddinn sé hugvísindahús
ég vil hann hagfræðinni þjóni
og Sigurjóni
og ... [ja, er það ekki bara nóg?]

4. Lag Sigmundar Guðbjarnasonar (Bítlalagið *Yesterday*)

Sigmundur (rektor 1985-1991) setti allt á annan endann í skólanum. Framgangskerfið (lektor > dósent > prófessor) komst á, svo og stigamatskerfi, kröfur um rannsóknaskýrslur o.s.frv. Þá var ekki laust við að sumir söknuðu gamalla tíma:

Áður fyrr, allt var miklu betra áður fyrr!
Enginn þurftir að stunda rannsóknir.
Þá lifðu fyrirlestrarnir.
Stúdentar stunduðu af kappi bækurnar,
allir þurftu að kunna þéringar,
ekkert þras og röfl og spurningar.
Þetta er liðin tíð og nú allt er orðið breytt,
eilíf kröfugerð og menn læra ekki neitt
hjá því sem áður var.
Allir verða samt prófessorar.
Jafnvel lítilsvirtir lektorar
geta að lokum orðið rektorar.
Já, það er af sem áður var!

5. Lag Sveinbjörns Björnssonar (Presleylagið *Wise men say*)

Sveinbjörn (rektor 1991-1997) var þekktur fyrir það sem rektor að vilja hvers manns vanda leysa, allir áttu greiðan aðgang að honum og hann hlustaði vel á öll sjónarmið. Aftur á móti þótti ýmsum sem þessir stjórnarhættir væru tafsamir og háskólaráðsfundir í tíð Sveinbjörns þóttu langir og þreytandi. En það var bara aðferð Sveinbjörns til að koma málum í gegn:

Vísir menn hlusta vel á þig,
en vilja’ oft þæfa mál fram á lokastig.
Langa fundi oft leyfa sér
og litlu máli þá skiptir hvað klukkan er.
Þreyta manna vex þegar nálgast sex
þá er minna þex, einhverjir farnir heim.
Það má oft leysa harðan hnút
ef háskólaráðsmannaliðið vill komast út.

6. Lag Páls Skúlasonar (lag Bjartmars Guðlaugssonar *Sumarliði fullur*)

Páll (rektor 1997-2005) háði harða og flókna kosningabaráttu um rektorsembættið þar sem óvenju margir gáfu kost á sér. Undir lokin stóð baráttan milli Páls, Vésteins Ólasonar og Jóns Torfa Jónassonar. Þá hefði Páll getað sungið þetta lag á framboðsfundum:

Ég veit allt, ég skil allt,
ég er besta rektorsefnið í þessum skóla.
Ég get allt, ég má allt,
en ég hef aldrei rekið neinn eins og Vésteinn Óla.
Þekki hrífuhlaus frá orfi
hugsa skýrar en Jón Torfi.
Haltu munni!

Ég kann allt, ég man allt,
ég fer vel á mynd því ég er very pretty.
Ég leysi' allt, ég bind allt,
ég mun gera Reykjavík að culture city.
Í siðfræði' er ég svaka skæður,
sérstakur að flytja ræður.
Haltu munni!

7. Lag Helgu Kress (lag Jobims *The girl from Ipanema*)

Þegar þessi texti var settur saman (að mestu leyti 2001) þótti ýmsum kominn tími til að kona gæfi kost á sér í rektorsembættið. Þá beindust augun ekki síst að Helgu Kress. Hún hafði lengi verið í fararbroddi í réttindabaráttu kvenna og m.a. vakið athygli fyrir nýstárleg sjónarhorn í fræðilegri umfjöllun. Hún sóttist reyndar ekki eftir embættinu en hefði getað gert það svona:

Ljóshærð þrúð og lokkafögur
ég lagt hef stund á fornar sögur
en trúi fáu sem fræðimenn hafa sagt.
Bróklinda og buxnastrengi
og bækur hef ég skoðað lengi,
í marga Grasa-furðu-ferð hef ég lagt.

Ó, þessir andskotans kallar!
Ógn eru konurnar snjallar,
færar og frábærar allar
og mér finnst vera komið að því
að fela' okkur stjórnina í

háskóla sem hefur talið
það höfuðkost að geta valið
sér rektor sem er ráðagóður og hress.
Þegar Páll segir bless
þá prófið þið ... Kress.

Eftirmáli (Bítlalagið *When I'm 64*)

Háskólakennarar kvörtuðu oft yfir launakjörum sínum á þessu tímabili þótt kennsluskyldan væri á þeim tíma stundum minni en hún varð síðar. En sumir þeirra gátu bundið vonir við að komast tiltölulega snemma á eftirlaun samkvæmt 95-ára reglunni svokölluðu. Þá hefðu þeir getað sungið þetta (sú María sem hér er nefnd stýrði skrifstofu Heimspekideildar um árabíl):

Já, þetta er erfitt og stressandi starf
og stutt mitt sumarfrí.
Launakjörin eru líka ósköp bág
og ekki nokkur hlunnindi' að fá.
Og það er nú von að þreyttur ég sé
með þrútin augu og nef:
Ég þrjár stundir kenni þegar ég nenni
fyrir þessi laun sem ég hef.

Svo þarf ég að sinna ýmsu sem mér leiðist og mér þykir
skítt eins og skiljanlegt er.
Annars skammast María:
Námsskipanir og nefndastörf
og nudd við stúdenta.

Ef væri ég gamall gæti ég víst
gert það sem mér list.
Ég þyrfti ekki að stressa mig á stúdentum
sem stela smjöri frá kennurunum.
Og það er nú von að þreyttur ég sé.
Þetta er ekkert *life*.
Ég vona það lagist og vinna mín hægist
when I'm 95.